



## FRUMVARP AÐ FRJÁLSUM NAUÐASAMNINGI

- fyrir Kögundur ehf., kt. 490389-2619, Lynghálsl 9, Reykjavík

### 1.0. Hvað boðið og hvenær greitt.

1.1. Lánardrottnum sem fara með samningskröfur er boðin greiðsla krafna sinna að fullu, með því að fá afhenta nýja hluti í Teymi hf., kt. 571106-0940, Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, móðurfélagi Kögunar ehf., eftir niðurfærslu á öllu eldra hlutafé félagsins, sem svara til kröfufjárhæðarinnar, en á genginu 5,0, og skal nafnverð hlutafjár hvers lánardrottins þannig vera 20% af kröfu hans. Hinir nýju hlutir skulu afhentir lánardrottnum eigi síðar en tveimur mánuðum eftir formlega staðfestingu á nauðasamningi Teymis hf. við lánardrottna sína. Tilboð þetta er gert með fyrirvara um að lánardrottnar Teymis hf. samþykki nauðasamningsfrumvarp þess félags.

12. Að auki býður Straumur-Burðarás fjárfestingabanki hf. (Straumur) eigendum skuldabréfa sem Kögundur hf. er greiðandi að valmöguleika um tvær leiðir til að breyta hlut sínum. Annars vegar leið A sem felur í sér að boðið er upp á skipti á hlutabréfum í Teymi hf. og hlutdeild í því sambankaláni sem eyrnamerkt er Straumi í formlegum nauðasamningi Teymis hf. og hins vegar leið B sem felur í sér ívilnun í formi hlutafjár í Teymi hf., af hálfu Straums, til skuldabréfaeigenda sem ekki velja leið A, sem þó ræðst endanlega af samanlagðri kröfufjárhæð þeirra er kjósa leið B, allt í samræmi við viðauka I og II með frumvarpi þessu. Sjá viðauka I og II varðandi tímasetningu á greiðslum.

### 2.0. Trygging fyrir greiðslum.

2.1. Trygging verður ekki veitt fyrir greiðslum samkvæmt framangreindu.

### 3.0. Samningskröfur miðast við stöðu krafna hinn 21. apríl 2009.

3.1. Eftir 21. apríl 2009 reiknast hvorki samningsvextir, dráttarvextir né annar kostnaður, t.d. innheimtu- og lögmanskostnaður af skuldbindingum Kögunar ehf. gagnvart þeim aðilum sem samningskröfur eiga á hendur fyrirtækinu.

Reykjavík, 28. maí 2009

F.h. stjórnar Kögunar ehf.

Ragnheiður Þorkelsdóttir hdl.

## Viðauki I

### - Leið A

Leið A felur í sér hlutfallslega skiptingu þess hluta sambankaláns Teymis er kemur í hlut Straums í gegnum nauðasamning Teymis og þess hlutafé er skuldabréfaeigendur í Kögun fá í sinn hlut. Krafa Straums er að upphæð ISK 3.362.104.863 og staða skuldabréfaflokkanna í Kögun á kröfulýsingardegi er samtals ISK 5.374.200.000. Samsvarar þetta því að Straumur á um 38,5% af heildarkröfum á Kögun og skuldabréfaeigendur um 61,5%. Þeir skuldabréfaeigendur sem velja Leið A geta því skipt á 61,5% af því hlutafé sem þeir fá í hendurnar í kjölfarið á nauðasamningi Teymis, m.v. upphafsdag sambankalánsins og að 1 króna af nafnverði hlutafjár jafngildi 1 krónu af höfuðstól sambankalánsins, fyrir samsvarandi upphæð af sambankaláni Teymis er Straumur fékk í sinn hlut í nauðasamningi Teymis.

Til einföldunar þýðir þetta að ef allir skuldabréfaeigendur myndu velja Leið A, fengju þeir ISK 421 milljón af þeim ISK 684 milljónum er koma í hlut Straums í formi sambankaláns.

Tilboðið er háð eftirfarandi skilyrðum:

- Formlegur nauðasamningur Teymis verði samþykktur þegar til kosningar kemur.
- Skuldabréfaeigendur veiti Straumi umboð eins fljótt og auðið er en eigi síðar en 20. júní 2009, þar sem Straumi er veitt heimild til þess að fara með allan atkvæðarétt af viðkomandi hlutabréfum. Umboð þetta skal gilda þar til annað hvort Straumur verður skráður eigandi bréfanna eða skiptin ganga ekki eftir. Straumur mun sjá um að senda þeim er velja Leið A umboðið til undirritunar.
- Skuldabréfaeigendur Kögunar stofni félag í kringum eignarhald sitt í sambankaláni Teymis og leggi því eigið fé í formi a.m.k. 61,5% þess hlutafjár sem þeir fengu í nauðasamningi Teymis sem svo er skipt á móti samsvarandi hluta í sambankaláni Teymis skv. tilboðinu hér að ofan.
- Ofangreint félag þarf að vera stofnað og skráð hjá hlutafélagaskrá eigi síðar en 4. ágúst 2009, ella ganga fyrirhuguð skipti á hlutabréfum og sambankaláni ekki eftir.
- Skiptin skulu fara fram þann 1. september 2009 eða viku eftir að hlutabréfin í Teymi eru afhent, hvort heldur er fyrr kemur, en miðast við útgreiðsludag sambankalánsins (Upphafsdag). Nánar tiltekið þá munu skuldabréfaeigendur fá hluta í láninu miðað við Upphafsdag og njóta því vaxta frá þeim degi. Að sama skapi fær Straumur hlutabréfin miðað við Upphafsdag og nýtur því atkvæðaréttar og annarra réttinda af hlutabréfunum frá og með þeim degi.

## Viðauki II

### - Leið B

Leið B felur í sér að Straumur afsalar sér ákveðnum réttindum til hlutafjár í nauðasamningi Teymis til handa skuldabréfaeigendum Kögunar. Fjöldi þess hlutafjár sem ívilnun þessi felur í sér, fer þó að öllu leyti eftir samtals upphæð þeirra krafna er velja Leið B. Taflan hér að neðan sýnir nafnverðsupphæð þess hlutafjár sem Straumur lætur af hendi til skuldabréfaeigenda er velja Leið B. Athuga ber þó að hlutafjárupphæðin er Straumur lætur af hendi miðast við að henni sé skipt hlutfallslega eins og um væri að ræða að allir skuldabréfaeigendur myndu velja Leið B.

Hlutfall	Hámarks		
	upphæð krafna*	Hlutfaré*	% aukning
0%	0	0	0
0% til 25%	1.344	133	12,37%
>25% til 50%	2.687	95	8,84%
>50% til 75%	4.031	85	7,91%
>75% til 100%	5.374	75	6,98%

\* Upphæðir í ISK milljónum

Til einföldunar má sjá að ef nákvæmlega 25% af heildarkröfum skuldabréfaeigenda Kögunar velja Leið B mun Straumur afsala sér 25% af ISK 133 milljónum hlutafjár sem skiptist síðan í réttum hlutföllum milli þeirra skuldabréfaeigenda m.v. kröfuupphæð þeirra.

#### Dæmi 1<sup>1</sup>:

Samtals 3 skuldabréfaeigendur sem hver um sig eiga ISK 400 milljóna kröfu á Kögun velja Leið B. Heildafjárhæð krafna skuldabréfaeigenda er völdu Leið B er lægri en 25% af heildarkröfu skuldabréfaeigenda á Kögun. Saman fara þeir með 22,3% af heildarkröfum skuldabréfaeigenda ( $1.200/5.374 = 22,3\%$ ) og fá þar af leiðandi ISK 29,7 milljónir hluta til skiptana ( $22,3\% * 133$ ). Hver þessara skuldabréfaeigenda fær því ISK 9,9 milljónum hlutafjár meira í sinni hlut. Jafngildir þetta því að m.v. að 20% af kröfu breytist í hlutfaré í Teymi væru skuldabréfaeigendur að fá 12,37% meira af hlutfaré í sinn hlut vegna ívilnunar Straums ( $29,7/(20\% * 1200) = 12,37\%$ ).

#### Dæmi 2:

Samtals 15 skuldabréfaeigendur sem hver um sig eiga ISK 200 milljóna kröfu á Kögun velja Leið B. Heildafjárhæð krafna skuldabréfaeigenda er völdu Leið B er lægri en 75% af heildarkröfu skuldabréfaeigenda á Kögun en hærri en 50%. Saman fara þeir með 55,8% af heildarkröfum skuldabréfaeigenda ( $3.000/5.374 = 55,8\%$ ) og fá þar af leiðandi ISK 53 milljónir hluta til skiptana ( $55,8\% * 95$ ). Hver þessara skuldabréfaeigenda fær því ISK 3,5 milljónir hlutafjár meira í sinni hlut. Jafngildir þetta því að m.v. að 20% af kröfu breytist í hlutfaré í Teymi væru skuldabréfaeigendur að fá 8,84% meira af hlutfaré í sinn hlut vegna ívilnunar Straums.

Tilboðið er háð eftirfarandi skilyrðum:

- Formlegur nauðasamningur Teymis verði samþykktur þegar til kosningar kemur.

<sup>1</sup> Námundun er beitt við útreikninga til þess að einfalda framsetningu.



## ATKVÆÐASEÐILL/SKULDBINDANDI YFIRLÝSING

- vegna frumvarps að frjálsum nauðasamningi fyrir Kögun ehf.

### I.

Undirritaður lánardrottinn sem á kröfu á hendur Kögun ehf., kt. 490389-2619, Lynghálsi 9, Reykjavík, hefur mótttekið afrit af frumvarpi fyrirtækisins um frjálstan nauðasamning við lánardrottna félagsins, dags. 28. maí 2009, ásamt viðaukum þess.

Samkvæmt frumvarpinu að hinum frjálsa nauðasamningi er lánardrottnum boðin greiðsla krafna sinna að fullu með nýjum hlutum í Teymi hf., kt. 571106-0940, Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, móðurfélagi Kögunar ehf., með þeim eina fyrirvara að lánardrottnar Teymis hf. samþykki nauðasamningsfrumvarp þess félags sem er til formlegrar meðferðar á sama tíma.

Trygging verður ekki veitt fyrir greiðslum og engir vextir eða kostnaður reiknast af samningskröfum eftir 21. apríl 2009.

Að auki býður Straumur-Burðarás fjárfestingabanki hf. (Straumur) eigendum í skuldabréfaflokkum Kögunar ehf. upp á tvær mismunandi leiðir:

- Leið A sem felur í sér að boðið er upp á skipti á hlutabréfum í Teymi og hlutdeild í því sambankaláni sem eyrnamerkt er Straumi í formlegum nauðasamningi Teymis, sjá nánar í viðauka I með frumvarpinu.
- Leið B sem felur í sér ívilnun í formi hlutafjár í Teymi, af hálfu Straums, til skuldabréfaeigenda sem ekki velja leið A, sem þó ræðst endanlega af samanlagðri kröfufjárhæð þeirra er kjósa leið B, sjá nánar í viðauka II með frumvarpinu.

Framangreint boð Straums er bundið m.a. þeim skilyrðum að allir lánardrottnar Kögunar samþykki frumvarp þetta fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 3. júní n.k. sem og formlegan nauðasamning Teymis hf. í kjölfarið. Ef hvorug framangreindra leiða eru valdar, fær lánardrottinn efndir samkvæmt frumvarpinu án tillits til tilboðs Straums. Straumur mun staðfesta framangreind tilboð (Leið A og B) með því að samþykkja frumvarp þetta eins og aðrir lánardrottnar Kögunar.



## II.

Undirritaður lánardrottinn hefur kynnt sér frumvarpið í heild sinni, auk tilboðs Straums og lýsir eftirfarandi yfir:

\_\_\_\_\_ A. Undirritaður samþykkir fyrirbyggjandi frumvarp að frjálsum nauðasamningi félagsins við lánardrottina, dags. 28. maí 2009.

**Leið A:** Undirritaður velur að nýta sér jafnframt að skipta á hluta hlutabréfa í Teymi hf. og hlutdeild í því sambankaláni sem eyrnamerkt er Straumi í formlegum nauðasamningi Teymis, að uppfylltum þeim skilyrðum sem greint er frá í viðauka I með frumvarpinu.

**Leið B:** Undirritaður velur að nýta sér jafnframt ívilnun um að fá aukið hlutafé í Teymi hf. frá Straumi, að uppfylltum þeim skilyrðum sem greint er frá í viðauka II með frumvarpinu.

\_\_\_\_\_ B. Undirritaður samþykkir **ekki** fyrirbyggjandi frumvarp að frjálsum nauðasamningi félagsins við lánardrottina, dags. 28. maí 2009.

Með undirritun undir atkvæðaseðil þennan og skuldbindandi yfirlýsingu, þá lýsir undirritaður lánardrottinn yfir með skuldbindandi hætti, að komið er á samkomulag á milli undirritaðs og Kögunar ehf. í samræmi við frumvarp að frjálsum nauðasamningi við lánardrottina félagsins um uppgjör á kröfu undirritaðs við félagið, með þeirri viðbót og réttindum sem felast í tilboði Straums samkvæmt viðauka I og II við frumvarpið, nema stjórn Kögunar ehf. tilkynni í síðasta lagi 1. júlí 2009 að nauðasamningstilaun hafi mistekist eða formlegur nauðasamningur Teymis hf. hefur verið felldur. Samningur þessi er bundinn þeirri forsendu að allir lánardrottnar Kögunar ehf. samþykki hann fyrir sitt leyti.

\_\_\_\_\_  
Staður

\_\_\_\_\_  
Dags.

\_\_\_\_\_  
Lánardrottinn (nafn og kennitala),

\_\_\_\_\_  
Undirskrift prókúruhafa

Vottar að réttri dagsetningu  
og undirskrift útgefanda:

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

KOGN 03 1

KOGN 04 1

Nafnverð: \_\_\_\_\_